



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Útboð nr. 16187 – Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2025-2026 – Stofnleiðir, svæði 3-5

Þann 26. ágúst síðastliðinn voru opnuð tilboð í EES útboð nr. 16187 „Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2025-2026 – Stofnleiðir, svæði 3-5“.

Um er að ræða samkeppnisútboð á grundvelli a. og d. liðar 2 mgr. 33. gr. laga um opinber innkaup. Þessi útboð hafa verið einkar flókin til að mæta þörfum markaðarins hér á landi, sérstaklega til að viðhalda samkeppni og tryggja að það skapist ekki einokun á markaði. Undanfarin ár hefur verið mikil breyting í framkvæmd og utanumhaldi á allri vetrarþjónustu sem krefst nauðsyn þess að viðhafa samkeppnisútboð enda þekkja bjóðendur ekki nýtt fyrirkomulag og það eykur ávallt líkur á að bjóðendur skili inn ógildum tilboðum.

Alls bárust tilboð frá tveimur aðilum.

Útboðshluti 1. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 3 bílar

Íslenska gámafélagið ehf.	kr.44.800.000,-
Ödqvist Transportsystem ehf.	kr.23.004.335,-

Útboðshluti 1. Viðverutæki í vetrarþjónustu.

Útboðshluti 1 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 30 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 3 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2025-2026. Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 1 var kr.46.200.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 1 upp á kr.138.600.000,-.

Ödqvist Transportsystem ehf. var lægstbjóðandi og bauð einn bíl í viðveru á kr.23.004.335- stk. (49,79% af kostnaðaráætlun). Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki til ársreikningur fyrir Ödqvist Transportsystem ehf. og þar af leiðandi uppfyllir bjóðandi ekki kröfur um fjárhagslegt hæfi. Tilboði er því ekki tekið.

Íslenska gámafélagið ehf. átti næst lægsta tilboð og bauð tvo bíla í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Íslenska gámafélagið ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í tvo bíla á kr.44.800.000- stk. (96,97% af kostnaðaráætlun). Íslenska gámafélagið ehf. stóðst skoðun á fjárhag.



Heildarkostnaður samþykktra tilboða á hvern bjóðanda í útboðshluta 1 er sem hér segir:

- Íslenska Gámafélagið ehf.
 - o 2 tæki á kr.44.800.000,- hvert tæki.
 - o Samtals tilboð: kr.89.600.000,-

Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða er þá samanlagt kr.89.600.000,- (96,97% af kostnaðaráætlun fyrir tvö viðverutæki í útboðshluta 1).

Gildistími samnings er eitt ár. Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um fjögur ár, eitt ár í senn. Heildarsamningsvirði með mögulegum framlengingum er þá kr. 448.000.000,-

Virðingarfyllst,

f.h. Skrifstofustjóra skrifstofu borgarlandsins
Karl Eðvaldsson

Hjálagt: Fundargerð opnunar

Árið 2025, þann 26. ágúst, kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES samkeppnisútboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16187 „Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2025-2026. Stofnleiðir“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á tilboðsfresti voru birtir tveir viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust frá:

1 Íslenska gámafélagið ehf.

2 Ödqvist Transportsystem ehf.

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun tilboða lokið kl. 10:05